

Vinnuvernd ehf.

Vinnuvernd ehf. er þjónustufyrirtæki á sviði vinnuverndar, heilsuverndar og heilsueflingar. Viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir og beinist þjónustan m.a. að starfsmönnum viðskiptavina.

Vinnuvernd ehf. þjónustar marga af stærstu vinnustöðum landsins en einnig fjölmarga meðalstóra og litla vinnustaði. Hver vinnustaður hefur sínar þarfir og það er okkar hlutverk að uppfylla þær. Því geta allir vinnustaðir fundið þjónustu við hæfi hjá Vinnuvernd.

Á vegum Vinnuverndar ehf. starfa lækna, hjúkrunarfræðingar, vinnuvistfræðingur, lýðheilsufræðingur, sjúkráþjálfari og sálfræðingar. Sérfræðingar Vinnuverndar hafa haldgóða þekkingu og reynslu á því sviði sem fyrirtækið starfar á. Að meðaltali hefur hver sérfræðingur Vinnuverndar varið rúmum 7 árum við háskólanám.

Auk þess að starfrækja þjónustu við fyrirtæki og stofnanir sinnir Vinnuvernd ehf. ferðamannabólusetningum fyrir einstaklinga undir merkjum Ferðaverndar (www.ferdavernd.is).

Það eru mikil verðmæti fólgin í því fyrir atvinnulífið að til sé þjónustufyrirtæki á sviði vinnuverndar, heilsuverndar og heilsueflingar, líkt og Vinnuvernd ehf.



Dæmi um verkefni sem Vinnuvernd hefur nýlega sinnt fyrir viðskiptavini:

- Áfallahjálpar
- Heilsuefling og fræðsla um lífsstíl í orkufyrirtæki
- Ráðgjöf vinnuvistfræðings við hönnun móttökuborðs
- Heilbrigðisskoðanir starfsmanna í stóriðju
- Innleiðing hléæfinga á skrifstofu og árangursmat verkefnis
- Fræðsla um skyndihjálpar í leikskóla
- Læknisskoðanir starfsmanna í fjármálafyrirtæki
- Áhættumat starfa í matvælafyrirtæki
- Fikniefnapróf vegna gruns um neyslu við störf
- Bólusetningar starfsmanna sem vinna við frárennsli
- Fræðsla um líkamsbeitingu í verslun
- Ráðgjöf vegna eineltis á vinnustað
- Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði sveitarfélags
- Heilsufarsmælingar hjá tryggingafélagi
- Bólusetningar landsliðsfólks í aðraganda keppnisferða
- Starfshæfnismat eftir langvinn veikindi
- Ráðgjöf við endurskipulagningu á vinnuaðstöðu og val á húsbúnaði hjá fjármálafyrirtæki
- Sólarhringsvakt heilbrigðisstarfsfólks í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu
- Hreyfikeppni með þolprófi meðal starfsmanna í þjónustufyrirtæki
- Ráðgjöf við breytingar á vinnuaðstöðu í vegabréfaeftirliti
- Mælingar og mat á loftgæðum
- Könnun á viðhorfum starfsfólks til heilbrigðis- og öryggismála í stóriðju

Pixel ehf.



Heilsuvernd

Markmið heilsuverndar á vinnustað er að stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni í tengslum við vinnu eða vinnuskilyrði. Einnig er það markmið heilsuverndar að draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og/eða slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna. Auk þess að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan þeirra. Vinnuvernd ehf. býður fjölþætta þjónustu sem hefur markmið heilsuverndar starfsmanna að leiðarljósi.

Þjónusta trúnaðarlækna sem veita stjórnendum ráðgjöf varðandi læknisfræðileg málefni og fjarvistir starfsmanna. Einnig veita trúnaðarlækna Vinnuverndar starfsmönnum ráðgjöf sé eftir því leitað.

Heilbrigðisþjónustuver er aðgengilegt starfsfólki en þar er hægt að leita svara við spurningum sem tengjast heilsufari og líðan auk þess sem sérfræðingar Vinnuverndar geta leiðbeint starfsmönnum um hið opinbera heilbrigðiskerfi. Fjarvistarskráning er hluti þjónustoversins.

Þjónusta sálfræðinga

- **Samtalsmeðferð sálfræðinga** nýtist í tengslum við ýmis vandamál sem starfsmenn upplifa.
- **Einelti - áreiti á vinnustað** Þegar slík mál koma upp er mikilvægt að leita til fagaðila.
- **Áfallahjálp og sálræn skyndihjálp** þannig að draga megj úr sálrænum eftirköstum í kjölfar áfalla.
- **Ráðgjöf**



Heilbrigðisskoðanir

Fjöldmörg fyrirtæki sem bjóða sínu starfsfólki uppá heilbrigðisskoðanir gera það til þess að hægt sé að greina vandamál með það að markmiði að koma í veg fyrir ótímabæran heilsu-brest. Í ákveðnum störfum eru heilbrigðisskoðanir lögbundnar.



Sérfræðingar Vinnuverndar ehf. eru ávallt bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga!

Vinnuvernd

Vinnuvernd fæst við samspil manns og vinnuumhverfis, því er mikilvægt að þekkja þá þætti í vinnuumhverfinu sem geta haft jákvæð og neikvæð áhrif á velferð og heilbrigði starfsmanna. Þessa þætti þarf að greina á hverjum vinnustað fyrir sig því enginn vinnustaður er eins og byggja þarf forvarnarstarf á þeirri greiningu. Krafa er um það í Vinnuverndarlögunum (46/1980) að áhættuþættir séu metnir og brugðist við þeim með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Áhættumat starfa er skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem framkvæma þarf á öllum vinnustöðum samkvæmt Vinnuverndarlögunum. Vinnuvernd aðstoðar fyrirtæki við þessa vinnu sem oft vex stjórnendum og starfsmönnum í augum.

Vinnustaðaúttekt er kerfisbundin athugun á vinnuumhverfi þar sem blandað er saman greiningu á aðstæðum, fræðslu til starfsfólks og ráðgjöf til stjórnenda. Starfsmenn Vinnuverndar hafa framkvæmt vinnustaðaúttektir í fjölmörgum starfsgreinum.

Inniloft - loftgæði Vinnuvernd býður fyrirtækjum og stofnunum upp á mat og ráðgjöf í tengslum við innanhúsloftgæði þar sem hita- og rakamælingar fara fram auk mælinga á loftskiptum með CO₂ mæli.

Vinnuvistfræði ráðgjöf er veigamikill þáttur vinnuverndarstarfs og felst í vinnuvistfræði (Ergonomics/Human Factors) sem er tiltölulega ný hugmyndafræði hérlendis. Hægt er að skilgreina vinnuvistfræði sem vísindin á bakvið notendavæna hönnun. Vinnuvistfræðingur aðlagar vinnuna að manningum og vörum að notandanum.



Heilsuefning

Heilsuefning á vinnustað er sameiginlegt átak vinnuveitenda, starfsmanna og þjódfélagsins í heild sem miðar að því að bæta heilsu og líðan vinnandi fólks. Oft reynist erfiðasta skrefið að hefja heilsuefningu á vinnustöðum og hafa starfsmenn Vinnuverndar sérhæft sig í ráðgjöf fyrir stór og lítil fyrirtæki um að hefja þá vinnu og framkvæma.

Heilsufarsmælingar eru mikilvægur þáttur í heilsuefningarstarfi. Þannig fær starfsmaðurinn upplýsingar um eigið ástand og einnig fær fyrirtækið upplýsingar um stöðu hópsins. Mælingarnar eru framkvæmdar á vinnustað. Meðal þess sem er mælt eru þyngdarstuðull, blóðþrýstingur, kólesteról og líkamsfituhlutfall. Auk þess er hægt að taka hjartalínurit, mæla blóðsykur, blóðrauða, þol og fleiri þætti. Sérfræðingar Vinnuverndar veita ráðgjöf sem byggir á niðurstöðum mælinga og lífsstílstengdum þáttum einstaklingsins s.s. hreyfingu, næringu, neysluvenju, streitu, o.fl.



Fræðsla

Vinnuvernd býður uppá fjölbreytta fræðslu á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilsuefningar. Einnig höfum við sérsniðið fræðslu að óskum og þörfum fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.

Vinsælustu fræðslufundirnir eru:


- Heilbrigður lífsstíll
- Skyndihjálp
- Líkamsbeiting og vinnutækni
- Vellíðan og vöxtur í starfi
- Streita og streitustjórnun
- Gerð áhættumats starfa



Heilsubótin er ný og skemmtileg keppni á vinnustað þar sem fara fram heilsufarsmælingar, hreyfikeppni og fræðsla. Hreyfing starfsmanna er skráð með sýnilegum hætti á vinnustaðnum.

Vinnuvernd leggur til veglegt veggspjald, aðlagð að vinnustaðnum.

Heilsubótin hentar hvaða fyrirtæki sem er.



VINNUVERND